



Loftslagsstefna Kópavogsbæjar

Tillaga að umsögn skipulagsráðs

Dags. 10.11.2022

Á fundi skipulagsráðs 19. september 2022 voru lögð fram og kynnt drög að loftslagsstefnu, til umsagnar.

Í drögum að loftslagsstefnu Kópavogsbæjar kemur fram að hún sé gerð með hliðssjón af heildarstefnu Kópavogsbæjarm þ.e. hlutverk, framtíðarsýn og gildum, auk yfirmarkmiða sem eru fengin úr heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Tillaga að umsögn skipulagsráðs:

Skipulag hefur mikil áhrif á loftslag innan sveitarfélags, meðal annars í tengslum við þróun landnotkunar, byggðar, samgangna og uppbyggingar almennt. Í nýju aðalskipulagi Kópavogs sem tók gildi 28.12.2021 er umfangsmikil umfjöllun um loftslagsmál, þar eru sett fram metnaðarfull markmið og leiðir fyrir sveitarfélagið í loftslagsmálum, sjá umfjöllun í klafa 4.11

Það er mat skipulagsráðs að samræma þarf loftslagsstefnu að nýsamþykktu aðalskipulagi Kópavogs. Bæta mætti við eftirfarandi meginmarkmiði í drögum að loftslagsstefnu.

Tillaga að nýju meginmarkmiði:

Áhersla á lofslagsmiðað skipulag

Stefnt er að því að skipulag og uppbygging svæða Kópavogi stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga m.a annars í gegnum eftirfarandi:

- Loftslagsvænar samgöngur sem miða að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, m.a. með áherslu á virka ferðamáta, orkuskipti í samgöngum og þétta og blandaða byggð.
- Loftslagsvæn byggð sem miðar að því að lágmarka kolefnisspor byggðar og efla endurvinnslu og endurnýtingu.
- Loftslagsvæn landnotkun sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu lands og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
- Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum.